



12. febrúar 2019  
1901194

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkununum og lögum um gjaldeyrismál (aflandskrónulosun og bindingarskylda á fjármagnsinnstreymi), 149. löggjafarþing, 486. mál

Með tölvubréfi dags. 25. janúar sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og lögum um gjaldeyrismál (aflandskrónulosun og bindingarskylda á fjármagnsinnstreymi), 486. mál.

Eins og fram kemur í inngangi greinargerðar með frumvarpinu var það samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samvinnu við Seðlabankann. Seðlabankinn er sammála efni frumvarpsins og styður eindregið samþykkt þess.

Seðlabankinn undirstrikkar mikilvægi þess að afgreiðsla frumvarpsins liggi fyrir áður en gjalddagi tiltekins flokks ríkisbréfa rennur upp þann 26. febrúar nk. Þá mun umfang aflandskrónueigna í lausu fé aukast um nær 70 af hundraði eða sem nemur 25 ma.kr. ef frumvarpið er ekki orðið að lögum. Við það eykst hætta á að stórir aflandskrónueigendur, sem átt hafa sín bréf í samfelldu eignarhaldi frá því fyrir höft og taldir hafa verið líklegir til að endurfjárfesta í íslenskum skuldabréfum þegar þeirra bréf koma á gjalddaga þann 26. febrúar muni í stað þess leita út þegar þeir losna af bundnum reikningum. Það mun hafa tvenns konar áhrif. Í fyrsta lagi mun Seðlabankinn þurfa að eyða mun meiri forða til að koma í veg fyrir gengisfall í tengslum við losun aflandskróna. Í öðru lagi mun draga meira úr framboði erlends fjár á innlendum skuldabréfamarkaði en reiknað var með þegar frumvarpið var samið. Markaðsaðilar hafa kvartað undan skorti á slíku framboði í tengslum við bindingu fjármagnsstreymis inn á skuldabréfamarkað. Að lokum er rétt að nefna í þessu sambandi að það er mat Seðlabankans að nú gætu verið forsendar til að lækka verulega eða lækka jafnvel í náll hina sérstöku


bindingu á fjármagnsinnstreymi á sama tíma og aflandskrónur eru losaðar. Ekki er víst hverjar aðstæður verða ef að losunin dregst.

Þá vill Seðlabankinn leggja til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins, til þess að gera efni hennar skýrari. Í fyrsta lagi er lagt til að á undan orðunum „beint með framsali innstæðubréfs“ í 3. málsl. 1. tölul. a.-liðar 3. gr. frumvarpsins komi orðin „svo sem“. Að öðrum kosti mætti skilja orðalagið þannig að það fæli í sér tæmandi upptalningu á því með hvaða hætti fjármálfyrirtæki getur miðlað kjörum og bindingartíma til fjárfestis Sú var ekki ætlunin, ef marka má ummæli um ákvæðið í greinargerð þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir nokkrum mögulegum útfærslum í dæmaskyni. Í öðru lagi er lagt til að í stað orðanna „skilmála innstæðubréfa“ í c.-lið 3. gr. frumvarpsins komi orðin „skilmála og kjör innstæðubréfa“. Á það hefur verið bent að merking orðsins „skilmálar“ í þessu sambandi sé ekki nægilega víðtæk, og breytingunni er ætlað að tryggja að Seðlabankinn hafi heimild til að ákveða vexti, verðlagningu, kostnað o.fl. í reglum.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri



Rannveig Júníusdóttir  
frkvstj. gjaldeyriseftirlits